

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 26. apríl 2017

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022, þingskjal 533 – mál nr. 402, 146. löggjafarþing.

Kynnisferðir ehf. og dótturfélög (hér eftir vísað sameiginlega til sem „Kynnisferðir“) eru leiðandi fyrirtæki í ferðaþjónustu á Íslandi. Á meðal dótturfyrirtækja Kynnisferða eru Ferðaskrifstofa Kynnisferða ehf., sem sérhæfir sig í sölu á þjónustu til ferðamanna, m.a. Flugrútu, dagsferða og áætlunarferða; Bílaleiga Kynnisferða ehf. sem rekur bílaleigu undir merkjum Enterprise; og Hópbifreiðar Kynnisferða ehf. sem annast akstur hópferðabifreiða, þar á meðal í áætlunarferðum, dagsferðum og hópferðum, og rekur einn stærsta rútuflota landsins með rútur af öllum stærðum og gerðum.

Forsvarsmenn Kynnisferða hafa kynnt sér tillögu fjármála- og efnahagsráðherra til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022, á þingskjali 533 í máli nr. 402 sem er nú til meðferðar á Alþingi. Umrædd tillaga felur meðal annars í sér nokkuð umfangsmiklar breytingar á virðisaukaskattskerfinu, þar með talið afnám ívilnana sem ýmsar tegundir ferðaþjónustu njóta í dag. Verði tillagan samþykkt á Alþingi mun öll ferðaþjónusta, þar með talið akstursþjónusta, verða skattlögð í hinu almenna skattþrepi virðisaukaskatts sem nú er 24%, en áætlað er að lækki í 22,5% þegar fram líða stundir. Af tillögunni má ráða að markmið umræddra breytinga á virðisaukaskattskerfinu séu meðal annars að einfalda kerfið og auka skilvirkni, auk þess sem ætlunin er að tempra vöxt í ferðaþjónustu, sem hefur verið hraðari en innviðauppygging ræður við, að því marki sem breytingarnar hafa áhrif á fjölda ferðamanna.

Kynnisferðir taka undir það að einföldun skattkerfis sé til þess fallin að auka skilvirkni þess og þjóni þannig hagsmunum bæði ríkis og skattgreiðenda. Hins vegar er það mat Kynnisferða að framangreindar tillögur, sem fela í sér verulega aukna skattbyrði á aðila í ferðaþjónustu, séu úr hófi íþyngjandi og muni hafa skaðleg áhrif á ferðaþjónustuna á Íslandi í heild, þar sem minnkandi samkeppnishæfni muni leiða til annars vegar minnkunar á straumi ferðamanna hingað til lands og breytingum á tegundum ferða, sem muni hvort tveggja skila minni afkomu í ferðaþjónustu. Þau áhrif komi til með að endurspeglast í lakari afkomu ríkissjóðs til framtíðar lítið. Skal nú vikið nánar að þeim atriðum sem mestu máli skipta í þessu sambandi.

I. Erfið samkeppnisstaða íslenskrar ferðaþjónustu

Ísland keppir við önnur lönd heimsins á sviði ferðaþjónustu, einkum en þó ekki einvörðungu í Evrópu. Samkeppnin er hörð og hefur verðlagning mjög mikil áhrif á eftirspurn. Þróun ýmissa þátta á undanförunum árum hefur orðið til þess að verðlag í ferðaþjónustu hér á landi hefur hækkað töluvert og er nú með hærra mótí í samanburði við önnur lönd í Evrópu, svo sem fram kemur í nýlegri skýrslu Íslandsbanka um Íslenska ferðaþjónustu¹. Þrátt fyrir það fer afkoma

¹ Skýrsluna má finna á vefsíðu Íslandsbanka:
<https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Fyrirtaeki/Isensk-ferdathjonustaskyrsla2017-LQ.PDF>

ferðaþjónustufyrirtækja versnandi og er fyrirséð að þær tillögur sem hér eru til umfjöllunar muni hafa frekari neikvæð áhrif. Meðal mikilvægra áhrifaþátta á þróun verðlagningar og afkomu í starfsemi Kynnisferða má nefna eftirfarandi atriði:

- Hinn 1. janúar 2016 tóku gildi nýjar reglur um virðisaukaskatt á ferðaþjónustu, sem höfðu það meðal annars í för með sér að virðisaukaskattur í 11% þrepi var lagður á akstursþjónustu fyrirtækisins, sem áður hafði verið undanþegin virðisaukaskatti.
- Gengisstyrking krónunnar hefur valdið því að verð á þjónustu fyrirtækisins hefur hækkað töluvert til erlendra ferðamanna, þrátt fyrir að verð í íslenskum krónum haldist óbreytt. Takmarkar þetta verulega svigrúm til verðhækkana vegna annarra áhrifaþátta. Samningar eru t.d. gerðir langt fram í tímann og mikið til í erlendum gjaldmiðlum. Um þriðjungur allra samninga Kynnisferða og dótturfélaga eru þannig í erlendri mynt.
- Launahækkunir, hækkunir á tryggingagjaldi undanfarin ár og hækkunir á mótframlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð hefur stóraukið rekstrarkostnað.
- Mikil fjárfestingarþörf hefur fylgt auknum straumi ferðamanna hingað til lands, sem nauðsynlegt hefur verið að bregðast hratt við. Vaxtastig á Íslandi er gríðarlega hátt og leiða auknar fjárfestingar til mikils vaxtakostnaðar í starfsemi fyrirtækja.

Framangreind atriði valda verðhækkunum, eða skapa í öllu falli þörf fyrir verðhækkunir, sem veikir samkeppnisstöðu Íslands í ferðaþjónustu á heimsvísu. Til viðbótar má nefna að erlendir aðilar, meðal annars rúfufyrirtæki, hafa í auknum mæli hafið sölu á þjónustu hér á landi í samkeppni við íslensk ferðaþjónustufyrirtæki. Verðlagning þessara aðila gefur til kynna að þeir greiði ekki lögbundin gjöld hér á landi og að starfsmenn þeirra njóti ekki kjara samkvæmt íslenskum kjarasamningum, sem gerir þessum fyrirtækjum kleift að undirbjóða íslensk fyrirtæki svo um munar. Munu frekari skattahækkunir, sem leiða til enn frekari verðhækkana til ferðamanna, án efa gefa slíkum aðilum byr undir báða vængi og veikja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja enn frekar. Nauðsynlegt er að tryggja að það skattaumhverfi sem íslenskir ferðaþjónustuaðilar starfa í sé samkeppnishæft í samanburði við önnur lönd.

Þegar virðisaukaskattur í 11% þrepi var lagður á ferðaþjónustuna þann 1. janúar 2016 tóku Kynnisferðir og dótturfélög á sig hækkun kostnaðar að mestu leyti, en einungis tókst að velta um þriðjungum út í verðlagið. Þau lög höfðu einnig skamman fyrirvara og gafst félagunum ekki færi á að bregðast við nema með takmörkuðum hætti. Aðgerðir stjórnvalda sem svo bein áhrif hafa á starfsemi fyrirtækja þurfa að eiga sér mun lengri aðdraganda en voru fyrir lagabreytingar 2016 og fyrirhugaðar breytingar nú.

II. Breytingar á hegðun og samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi

Fyrirtæki í íslenskri ferðaþjónustu, þar á meðal Kynnisferðir, eru nú þegar farin að merkja áhrif verðhækkana á eftirspurn erlendra ferðamanna. Birtast þau áhrif annars vegar í minnkandi áhuga á að koma til landsins, auk þess sem ferðamenn sem hingað koma fara gjarnan í styttri og ódýrari ferðir. Til að mynda helst aukning í fjölda ferðamanna ekki í hendur við aukningu í fjölda gistinátta, sem er ívið minni. Þá kýs fólk öðru fremur að fara í styttri ferðir innanlands, sem kemur óneitanlega mest niður á ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Þrátt fyrir aukinn fjölda ferðamanna er því samhliða að eiga sér stað sú þróun að arðsemi fer minnkandi, sem skilar sér á endanum í samdrætti á tekjum ríkissjóðs frá ferðaþjónustuiðnaði. Þetta er óæskileg þróun sem nauðsynlegt er að snúa við áður en það verður um seinan.

Vera má að nauðsynlegt sé að taka upp leiðir til að stýra þeirri miklu fjölgun sem orðið hefur á ferðamönnum sem koma hingað til lands. Sú þróun sem hefur orðið gerir það hins vegar ljóst að stíga þarf varlega til jarðar í þeim efnum, til að tryggja sterka tilvist og gæði íslenskrar

ferðapjónustu. Því verður að mati Kynnisferða best við komið með samstarfi hins opinbera og þeirra aðila sem starfa við ferðapjónustu á Íslandi.

Talsverðar breytingar eru að eiga sér stað á kauphegðun viðskiptavina Kynnisferða og dótturfélaga. Eftirspurn er að dragast saman og gestir kaupa færri og ódýrari ferðir. Þessi þróun hefur staðið yfir í nokkur misseri og sér ekki fyrir endan á henni. Ljóst er að hækkun á virðisaukaskatti kemur til skemmri tíma til með að hafa slæm áhrif á afkomu félaganna, en skilar sér í enn hærra verðlagi til lengri tíma. Sú hækkun á enn eftir að veikja samkeppnisstöðu íslenskrar ferðapjónustu.

Ljóst er að mikil uppsveifla hefur verið í ferðapjónustu á Íslandi undanfarin ár, sem enn sér ekki fyrir endann á. Nú þegar er hins vegar farið að gæta breytinga í eftirspurn, líkt og að framan er rakið, og á íslensk ferðapjónusta undir högg að sækja. Líkt og marka má af framangreindri umfjöllun valda ýmsir þættir því að íslensk ferðapjónusta stendur á krossgötum og er verulega mikilvægt að allir leggist á eitt um að beina þróuninni í þá átt sem stuðlar að arðsemi í atvinnugreininni og leiðir þannig til aukinna tekna ríkissjóðs. Með hækkun virðisaukaskatts er afkoma í ferðapjónustu á Íslandi sett í verulega hættu, enda ljóst að þær verðhækkningar sem slík hækkun hefur í för með sér munu draga enn frekar úr samkeppnishæfni íslenskrar ferðapjónustu. Tillaga fjármálaráðherra er að mati Kynnisferða ógn við íslenska ferðapjónustu og mun sem slík hvorki skila tilætluðum áhrifum á afkomu ríkissjóðs, né heldur æskilegri stýringu á fjölda ferðamanna. Það er því nauðsynlegt að taka tillöguna til endurskoðunar og leita leiða í samvinnu við hagsmunasamtök ferðapjónustuaðila til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Virðingarfyllt,
f.h. Kynnisferða ehf. og dótturfélaga

Kristján Daníelsson,
framkvæmdastjóri